

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1262****2018/EES/14/05**

frá 12. júlí 2017

**um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar notkun húsdýraáburðar úr alidýrum sem eldsneyti í brennsluverum (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (reglugerð um aukaafurðir úr dýrum) <sup>(1)</sup>, einkum e-lið 1. mgr. 15. gr. og i-lið 27. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 <sup>(2)</sup> er mælt fyrir um reglur til framkvæmdar reglugerð (EB) nr. 1069/2009, þ.m.t. breytur fyrir förgun aukaafurða úr dýrum sem og fyrir örugga meðhöndlun, ummyndun eða vinnslu á aukaafurðum úr dýrum í afleiddar afurðir.
- 2) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1069/2009 er bruni, eins og hann er skilgreindur í 41. lið í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 142/2011, einn af ferlunum til að farga aukaafurðum úr dýrum, þ.m.t. húsdýraáburður.
- 3) Í 6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 142/2011 er kveðið á um reglur varðandi samþykki fyrir brennsluverum sem nota aukaafurðir úr dýrum sem eldsneyti. Breyta ætti 8. mgr. hennar til samræmis við það til að fjalla um notkun húsdýraáburðar frá öllum alidýrum sem eldsneyti.
- 4) Húsdýraáburður úr alidýrum getur reynst sjálfbær uppspretta eldsneytis til brennslu, að því tilskildu að brennsluferlið sé í samræmi við sértækar kröfur til að draga á fullnægjandi hátt úr skaðlegum áhrifum af notkun hans sem eldsneytis á heilbrigði dýra og lýðheilsu og á umhverfið. Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 592/2014 <sup>(3)</sup> voru innleiddar kröfur um notkun alifuglaáburðar sem eldsneyti í brennsluverum. Þar eru settar fram almennar kröfur fyrir allar stöðvar, sem nota aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir sem eldsneyti, og sértækar kröfur um tegund eldsneytis og tegund brennsluvers. Nú er einnig heimilt að nota húsdýraáburð úr alidýrum af öðrum tegundum en alifuglum, sem eldsneyti í brennsluverum með heildarnafnvarmafl sem fer ekki yfir 50 MW, samkvæmt sömu skilyrðum og sett eru fram fyrir brennslu á alifuglaáburði, þ.m.t. losunarmörk og vöktunarkröfur.
- 5) Rekstraraðilar brennsluvera, sem nota húsdýraáburð úr alidýrum sem eldsneyti, ættu að gera nauðsynlegar hreinlætisráðstafanir til að koma í veg fyrir dreifingu hugsanlegra sjúkdómsvalda. Í þessu tilliti ættu slíkar stöðvar að fara að almennum kröfum um notkun aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða sem eldsneyti, sem mælt er fyrir um í IV. kafla III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, og sértækum kröfum varðandi tiltekna tegundir stöðva og eldsneyti, sem nota má til brennslu, sem kveðið verður á um í þessari reglugerð.
- 6) Losun agna, sem myndast við brennslu húsdýraáburðar úr plöntuætum, er meiri en úr alifuglaáburði vegna samsetningar hins fyrrnefnda. Til að takast á við þetta vandamál ætti í þessari reglugerð að kveða á um sveigjanlegri viðmiðunarmörk fyrir losun agna hjá mjög litlum brennsluverum til að unnt sé að leyfa förgun á húsdýraáburði sem annars væri ekki hægt að farga sem eldsneyti til brennslu.
- 7) Á sama hátt ætti þessi reglugerð að gera lögbærum yfirvöldum kleift að veita núverandi brennsluverum umbreytingarfrest til að fara að kröfum um stýrða aukningu hitastigs lofttegunda, að því tilskildu að þessi

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjótt. ESB L 182, 13.7.2017, bls. 34. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2018 frá 9. febrúar 2018 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjótt. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 frá 25. febrúar 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun (Stjótt. ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1).

(3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 592/2014 frá 3. júní 2014 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar notkun aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða sem eldsneyti í brennsluverum (Stjótt. ESB L 165, 4.6.2014, bls. 33).

losun skapi ekki áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra eða umhverfið. Löggjöfin um aukaafurðir úr dýrum kemur ekki í veg fyrir að aðildarríkin beiti viðeigandi reiknireglum um viðmiðunarmörk fyrir losun, sem settar eru fram í umhverfislöggjöfinni, þegar húsdýraáburður úr alidýrum er brenndur ásamt öðru eldsneyti eða úrgangi.

- 8) Í XVI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er kveðið á um sértækar kröfur um opinbert eftirlit. Í kjölfar innleiðingar krafna með þessari reglugerð varðandi brennslu húsdýraáburðar úr alidýrum sem eldsneyti ættu þessar sértæku kröfur einnig að gilda að því er það ferli varðar.
- 9) Því ætti að breyta III. og XVI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### 1. gr.

Í stað 8. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 142/2011 komi eftirfarandi:

„8. Að því er varðar notkun húsdýraáburðar úr alidýrum sem eldsneyti til brennslu, eins og sett er fram í V. kafla III. viðauka, skulu eftirfarandi reglur gilda til viðbótar þeim sem um getur í 7. mgr. þessarar greinar:

- a) umsókn um samþykki, sem rekstraraðili leggur fyrir lögbært yfirvald í samræmi við d-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, verður að innihalda gögn sem lögbært yfirvald eða fagfélag, sem hefur fengið leyfi frá lögbærum yfirvöldum aðildarríkisins, staðfestir um að brennsluverið, þar sem húsdýraáburður úr alidýrum er notaður sem eldsneyti, uppfylli að öllu leyti þær kröfur sem mælt er fyrir um í 3., 4. og 5. lið B-liðar í V. kafla III. viðauka við þessa reglugerð, með fyrirvara um þann möguleika lögbærra yfirvalda aðildarríkis að veita undanþágu frá fylgni við tiltekin ákvæði í samræmi við 4. lið C-liðar í V. kafla III. viðauka,
- b) málsmeðferð vegna samþykkis, sem kveðið er á um í 44. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, skal ekki lokið fyrir en lögbært yfirvald eða fagfélag, sem hefur fengið leyfi frá því yfirvaldi, hefur framkvæmt a.m.k. tvær skoðanir í röð, þar af aðra án fyrirvara, á fyrstu sex mánuðunum sem brennsluverið er starfrækt, þ.m.t. nauðsynlegar mælingar á hitastigi og losun. Eftir að niðurstöður úr þessum skoðunum hafa sýnt að farið er eftir kröfunum sem settar eru fram í 3., 4. og 5. lið B-liðar og, eftir atvikum, 4. lið C-liðar í V. kafla III. viðauka við þessa reglugerð má veita fullt samþykki.“

##### 2. gr.

Ákvæðum III. og XVI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er breytt í samræmi við textann í viðaukanum við þessa reglugerð.

##### 3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. júlí 2017.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

## VIÐAUKI

Ákvæðum III. og XVI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í V. kafla III. viðauka bætist eftirfarandi C-liður við:

„C. **Brennsluver þar sem húsdýraáburður úr alidýrum, annar en alifuglaáburður eins og sett er fram í B-lið, er notaður sem eldsneyti til brennslu**

1. Tegund stöðvar:

Brennsluver með heildarnafnvarmaafli sem fer ekki yfir 50 MW.

2. Upphafsefni:

Eingöngu húsdýraáburður úr alidýrum, annar en alifuglaáburður eins og sett er fram í B-lið, sem á að nota sem eldsneyti til brennslu í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í 3. lið.

Brennsla annarra aukaafurða úr dýrum eða afleiddra afurða skal ekki leyfð til notkunar sem eldsneyti í brennsluverum sem um getur í 1. lið. Húsdýraáburður úr alidýrum, annar en alifuglaáburður eins og sett er fram í B-lið, sem verður til utan búsin skal ekki komast í snertingu við alidýr.

3. Aðferðir:

Brennsluver þar sem húsdýraáburður úr alidýrum, annar en alifuglaáburður eins og sett er fram í B-lið, er notaður sem eldsneyti skulu vera í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í 3., 4. og 5. lið B-liðar.

4. Undanþága og umbreytingartímabil:

Lögbæru yfirvaldi aðildarríkis, sem ber ábyrgð á umhverfislegum málefnum, er heimilt:

- þrátt fyrir ii. lið b-liðar í 3. lið B-liðar, að veita brennsluverum, sem eru starfandi 2. ágúst 2017, viðbótartímabil sem nemur að hámarki 6 árum til að fara að ákvæðum fyrstu málsgreinar 2. liðar í 2. þætti IV. kafla III. viðauka við þessa reglugerð,
- þrátt fyrir 4. lið B-liðar, að heimila losun efnisagna, sem fer ekki yfir 50 mg/m<sup>3</sup>, að því tilskildu að heildarnafnvarmaafli brennsluvera fari ekki yfir 5 MW,
- þrátt fyrir i. lið b-liðar í 3. lið B-liðar, að heimila handvirka ísetningu hrossataðs sem eldsneytis í brunahólfið ef heildarnafnvarmaafli fer ekki yfir 0,5 MW.“

2) Í stað 12. þáttar III. kafla í XVI. viðauka komi eftirfarandi:

„12. þáttur

**Opinbert eftirlit varðandi samþykktar stöðvar fyrir brennslu á aukaafurðum úr dýrum**

Lögbært yfirvald skal sjá um sannpröfun skjala í samþykktum stöðvum, sem um getur í V. kafla III. viðauka, í samræmi við málsmæðferðarreglurnar sem um getur í 7. og 8. mgr. 6. gr.“